

**Nd.**

## **99. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 70 (Kreppuláanasjóður).

Flm.: Bergur Jónsson, Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.

1. Við 2. mgr. brtt. Málgreinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn kreppuláanasjóðs að nota það, sem eftir er af skuldabréfum kreppuláanasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til skulda-skila þeirra sveitarfélaga, er leitazt hafa fyrir um skuldaskil úr sjóðnum síðan hann lauk starfsemi sinni, og þeim öðrum sveitarfélögum, er umsóknir kunna að senda fyrir 1. september 1937. Það fé, sem afgangs kann að verða, er framan-greindum skuldaskilum er lokið, má lána þeim bæjarfélögum, sem á síðastliðnu ári fengu eigi fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum.

2. Við 3. mgr. í stað „1. júlí 1937“ komi: 1. jan. 1938.